

## AUGLÝSING

### um breyting á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar, Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 25. apríl 2014 óverulega breytingu á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar.

Breytingin felst í því, að lóð L-08 (vinnubúðir verktaka) er stækkuð lítillega, mörkum lóða L-07 (vinnubúðir rekstraraðila) og L-08 er breytt og byggingarreitir stækkaðir og samræmdir breyttum lóðamörkum. Stækkun svæðis fyrir vinnubúðalóðir er um 4.500 m<sup>2</sup>.

Málsmeðferð var samkvæmt 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Þingeyjarsveit, 14. maí 2014.*

**Bjarni Reykjalm,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. maí 2014